

Fundargerð

165. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

þriðjudaginn 6. mars 2012 kl. 12⁰⁰–14²⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi)
Halldór Haraldsson (HH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Innleiðing úrgangstilskipunar með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs
- (3) Rekstraráætlun 2012 og 2013
- (4) Rekstur 2011
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (164. fundar).

2. Innleiðing úrgangstilskipunar með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs

ÓK fór yfir hluta af væntanlegum breytingum. Úrgangstilskipunin var tekin upp í viðauka EES-samningsins 1. júlí 2011 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, með breytingum á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Lagt var fram á fundinum frumvarp með greinargerð um innleiðingu tilskipunarinnar með breytingum á lögum nr.55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Það er verið að skerpa á landsáætlunum í frumvarpinu sem og að skýra ábyrgðir aðila er koma að meðhöndlun úrgangs. ÓK sagði frá því að verið væri að auka ábyrgð sveitarfélaga í frumvarpinu gagnvart innsöfnun á flokkuðum úrgangi bæði frá heimilum og fyrirtækjum. Stjórn ræddi sérstaklega ákvæði í frumvarpinu um „Söfnun úrgangs“ liður c.(7.gr.) og snýr að sveitarfélögunum.

ÓK benti á ákvæði um forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs sem taldar eru upp í lið d.(8.gr.) og lið h.(12.gr.) þar sem er ákvæði vegna endurnotkunar og endurvinnslu. Í 12.gr. frumvarpsins eru ákvæði sem kveða á um að sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla söfnun úrgangs sem og vegna fræðslu og kynningarmála. ÖE benti á að þetta gæti verið afturhvarf til fyrri starfshátta við innheimtu á móttöku- og söfnunarstöðvum sem ekki hafi reynst vel fyrir sveitarfélögin. Stjórn ræddi um 9.gr. sem fjallar um starfsleyfi rekstraraðila, seljenda og miðlara.

3. Rekstaráætlun 2012 og 2013

Frestað

4. Rekstur 2011

Lagt fram yfirlit um rekstur 2011 m.v. 2.3.2012

5. Önnur mál

Lögð var fram á fundinum tillaga um að veita GPO ehf, Akureyri, bráðabirgðaleyfi með tímabundnum skilyrðum til að taka á móti 60 tonnum af heyrúlluplasti frá þjónustuaðila á markaði til að prufukeyra búnað sem mun vinna olíu sem eldsneyti úr plastinu.

Stjórn samþykkir bráðabirgðaleyfið til ráðstöfunar. Tryggt verði eins og hægt er að Úrvinnslusjóður beri ekki aukakostnað af tilrauninni.

Næsti fundur ákveðinn 21. mars.

Fundi slitið kl 14:25

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs